



## UMSÖGN

**Viðtakandi:** Borgarráð

**Sendandi:** Fjármála- og áhættustýringarsvið

**Efni:** Tillaga um niðurfellingu leikskólagjalda í dymbilviku og vetrarfríum

---

### *Umsögn*

Óskað hefur verið eftir umsögn fjármála- og áhættustýringarsviðs um tillögu um niðurfellingu leikskólagjalda í dymbilviku og vetrarfríum. Tillagan felur í sér að til að eiga rétt á niðurfellingu gjalda þá þurfi börn að vera í fríi alla virka daga í dymbilviku eða alla virka daga í öðru hvoru eða báðum vetrarfríum grunnskóla. Með tillögunni fylgir kostnaðarmat skóla- og frístundasviðs.

Í dag er hægt að sækja um niðurfellingu gjalda milli jóla og nýárs að því tilskildu að barn taki leyfi alla dagana. Samkvæmt upplýsingum frá skóla- og frístundasviði hafa á milli 47%-61% barna í leikskólum nýtt sér þennan möguleika síðustu ár. Árlegur kostnaður í formi tekjulækkunar hefur verið á milli 7,5 – 14 m.kr. og skýrist munurinn helst af fjölda daga sem niðurfellingin tekur tillit til á hverju ári og fjölda barna. Frítaka barna hefur veitt leikskólastjórum svigrúm til að leyfa orlofstöku starfsfólks eða úttekt á uppsafnaðri styttingu vinnuvikunnar hjá félögum í FL.

Í kostnaðarmati SFS er gert ráð fyrir að á móti tekjulækkun verði hagræðing sem felst lækkun á afleysingarkostnaði. Í dag kallar orlofstaka umfram lokun leikskóla og úttekt á uppsafnaðri styttingu á afleysingarkostnað sem gert er ráð fyrir að lækki nái tillagan fram að ganga. Heildarfjárhagslegu áhrif tillögunnar eru metin á 86-173 m.kr. til lækkunar á kostnaði á ársgrundvelli m.v. að 5-10 starfsmenn taki út orlofsdaga á þessum tímabilum.

Fjármála- og áhættustýringarsvið hefur rýnt tillöguna og mælir með að hún verði samþykkt. Þó er vakin athygli á því að nokkur óvissa er um þær forsendur sem lagðar eru til grundvallar í fjárhagslega matinu s.s. um fjölda barna í leyfi og orlofstöku starfsmanna. Því er mikilvægt að fylgjast með árangrinum af þessari breytingu.

Halldóra Káradóttir  
sviðsstjóri fjármála- og áhættustýringarsviðs